

116 Vatnsból skulu ekki vera nær kirkjugarði á jafnsljettu eða undan brekku, en nemi 100 álnum.

Allir kirkjugarðar skulu vera grasi grónir.

Grafa skal svo djúpt að tveggja álva moldarlag sje ofan á kistu.

XIV. Um sektir o. fl.

31. gr.

Ef menn brjóta þessa samþykkt eða vanrækja að framkvæma á settum fresti nokkra þá fyrirskipan, er heilbrigðisnefnd setur samkvæmt henni, þá varðar það alltað 200 kr. sekt.

Ef heilbrigðisnefnd kýs heldur að láta vinna verk það, er vanrækt hefir verið, á kostnað þess, er verkið átti að vinna, þá er henni það heimilt, og skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgðar úr sveitarsjóði, en síðan taka hann lög-taki hjá þeim er sekur er.

32. gr.

Samþykkt þessi öðladist gildi

117

Reglugjörð

um bólusetningar og bóluskodanir.

I. Um bólusetningarumdæmi og bólusetjara.

1. gr.

Hvert yfirsetukvennaumdæmi skal jafnframt vera bólusetningarumdæmi og taka nafn af þeim hreppi eða hreppshelmingi, sem umdæmið nær yfir, eða er aðalhluti þess. Ef hreppurinn t. d. heitir Sveinsstaðahreppur, skal umdæmið heita Sveinsstaðabólusetningarumdæmi, ef umdæmið nær yfir eystri hluta Grímsneshrepps, þá skal það heita, Eystra Grímsnesbólusetningarumdæmi o. s. frv.

2. gr.

Ef hjeradslæknir vegna fólksfjölda í einhverju umdæmi, eða annríkis yfirsetukonu, eða af öðrum gildum ástæðum ekki telur hana færa til þess að annast bólusetningu, þá skal hann sjálfur hafa bólusetninguna á hendi, ef hann sjer sjer fært, en ella skipa einhvern annan, karl eða konu, sem bólusetjara í umdæmið.

II. Um bólusetningarskrár.

3. gr.

Í janúarmánuði ár hvert skal bólusetjari semja tvær bólusetningarskrár

(1. sýnishorn), aðra yfir þau börn, sem eiga að frumbólusetjast á árinu, og hina yfir þau, sem eiga að endurbólusetjast. 117
22. okt.

Prestar eru skyldir að leyfa bólusetjurum aðgang að sálmregistrum og leiðbeina þeim þá er skrárnar eru samdar.

Á bólusetningarskránnar skal bólusetjari setja öll þau börn í umdæminu, sem eru á þeim aldri, að þau eiga að bólusetjast á árinu.

Á frumbólusetningarskrá skal setja:

1. Öll þau börn, sem heima eiga í umdæminu og samkvæmt sálmregistri eru 2 ára gömul.
2. Öll þau börn 3—8 ára að aldri, sem standa á frumbólusetningarskrá næsta árs á undan og þar eru talin óbólusett, eða bólusett án árangurs einusinni eða tvisvar.
3. Öll þau börn 2 ára að aldri, sem bólusetjari á annan hátt fær vitneskju um að heima eigi í umdæminu, svo og eldri börn, ef hann fær vitneskju um að þau eru óbólusett, eða bólusótt án árangurs einusinni eða tvisvar.

Á endurbólusetningarskrá skal setja:

1. Öll börn, sem heima eiga í umdæminu og samkvæmt sálmregistri eru 12 ára að aldri.
2. Öll þau börn eldri en 12 ára, sem standa á endurbólusetningarskrá næsta árs á undan og þar eru talin óendurbólusett, eða endurbólusett án árangurs einusinni eða tvisvar.
3. Öll þau börn 12 ára að aldri, sem bólusetjari á annan hátt fær vitneskju um að heima eiga í umdæminu, svo og eldri börn en 12 ára, ef hann fær vitneskju um að þau eru óendurbólusett eða endurbólusett án árangurs einusinni eða tvisvar.

Í 2. dálk á bólusetningarskránni skal rita fullt heiti barnsins, t. d. Jón Björnsson, Þuríður Sigurðardóttir.

Í 3. dálk skal rita aldursáratöluna, 2, 12 o. s. frv.

Í 4. dálk fullt heiti heimilisföður barnsins.

Í 5. dálk bæjarnafn eða húsheiti.

Í 6. dálk töluna 1 eða 2 eptir því hvort barnið samkvæmt eldri bólusetningarskrám eða annari vitneskju hefir verið bólusett eða endurbólusett áður án árangurs einusinni eða tvisvar.

Í 13. dálk skal bólusetjari rita já út undan nöfnum þeirra barna, sem hann finnur í eldri bólusetningarskrám og sjer þar að þau hafa verið bólusett með fullum árangri.

Hjeraðslæknir er skyldur að láta bólusetjara í tje við hver áramót skrá yfir þau börn í umdæminu, sem hann eða aðrir læknar hafa bólusett á liðna árinu (sbr. 19. gr.)

III. Um bóluefni.

4. gr.

I lok janúarmánaðar ár hvert, þá er lokið er samningu bólusetningar-

117 skráanna, skal bólusetjari tilkynna hjeradslækni töln þeirra barna, sem hann
 22. okt. samkvæmt skránum á að bólusetja á árinu. Jafnframt skal hann láta þess
 getið hvenær að sumrinu (í hvaða viku eða mánuði) hann ætlar að bólusetja.

5. gr.

Hjeradslæknir skal þvínæst skrifa til »Den kongelige Vaccinationsanstalt, København«, geta þess hversu mörg börn eigi að bólusetja í hjeradinu á komandi sumri, biðja um bóluefni og taka til með hvaða póstkípsferð eða ferðum það eigi að koma, og skal hann haga því svo, að bóluefnið komi til hans með pósti á þeim tíma að hver bólusetjari fái bóluefnið í hendur sem allra nýjast, rjett áður en hann fer að bólusetja.

Bóluefninu skal hjeradslæknir láta fylgja til bólusetjara miða orðaðan á þennau hátt: »Þetta bóluefni er úr kálf nr. tekið úr kálfinum dag mán. 19 «.

6. gr.

Enginn bólusetjari annar en læknir má taka bóluefni úr börnum.

Læknar skulu þvíaðeins taka bóluefni úr börnum, eða vísa bólusetjurum á börn, er þeir megí taka bóluefni úr, að brýna nauðsyn beri til, t. d. yfirvofandi hættu af bólusótt.

Læknir skal vandlega skoða þau börn, sem hann ætlar að taka bóluefni úr, og ekki taka úr öðrum börnum en þeim, sem eru alheilhrigð og komin af hraustum foreldrum.

Ekki skal taka bóluefni úr barni, sem yngra er en misseris gamalt, og ekki úr endurbólusettum börnum.

IV. Um bólusetningarstaði og tíma.

7. gr.

Í janúarmánuði ár hvert skal bólusetjari ákveða (sbr. 4. gr.) í samráði við sveitar- eða bæjarstjórn, hvenær að sumrinu bólusetningin skuli framfara og á hvaða stöðum.

Skýlt er að bólusetja á tveim stöðum að minnsta kosti í hverju umdæmi.

8. gr.

Þá er bólusetjari hefir fengið bóluefnið frá hjeradslækni (sbr. 5. gr.), skal hann tafarlaust auglýsa hvar og hvaða dag hann ætlar að bólusetja, og orða auglýsinguna eptir 2. sýnishorni; milli »úr« og »og« í hinum prentudu eyðublöðum skal setja nöfn allra þeirra bæja, sem sækja eiga að bólusetningarstaðnum; ef um heilau hrepp er að ræða, eða sjóþorp, eða verzlunarstað, skal nægja að setja nafn hreppsins, þorpsins eða verzlunarstaðarins.

Bólusetjari skal láta auglýsinguna ganga rjetta boðleið bæja á millum í sveitum, en festa hana upp á venjulegum auglýsingastað í verzlunarstöðum með

svo löngum (minnst viku) fyrirvara, að allur almenningur fái vitneskju um bólusetningardaginn áður en bólusetninginn fer fram.

117
22. okt.

9. gr.

Heimilt er bólusetjara að fara heim á hvert heimili í umdæminu til að bólusetja og þarf hann þá ekki að auglýsa bólusetninguna fyrirfram frekar en hann vill.

V. Um bólusetninguna.

10. gr.

Ekki skal færa börn til bólusetningar ef á heimilinu er taugaveiki, barnaveiki, kighósti, heimakoma eða einhver sá næmur sjúkdómur, sem varnir jafnan skulu settar við, eða hjeradslæknir hefir sett varnir við, og ekki skal bólusetjari fara heim á slík heimili til bólusetningar.

Það er skylda húsráðanda að tilkynna bólusetjara, ef næm sótt er á heimilinu og börn af þeim ástæðum ekki koma til bólusetningar.

Það er og skylda húsráðanda að senda bólusetjara vottorð frá lækni eða skriflega yfirlýsingu frá sjálfum sjer, ef barn er veikt og þess vegna ekki verður fært til bólusetningar.

11. gr.

Börn skulu vera í hreinum fötum og hrein á kroppinn þá er þau koma til bólusetningar.

Bólusetjari skal þvo sjer vandlega um hendur úr heitu vatni og sápu og sjóða bólujárnið í 10 mín., áður en hann fer að bólusetja.

Bólujárnið skal vera tvieggjað í oddinn og helzt einjárnungur.

12. gr.

Bólu skal setja á þann hátt að bólujárninu er difið í bóluefnið og því næst gerðar með því þrjár samsíða rispur á upphandlegg; rispurnar skulu vita upp og niður á handleggnum en ekki þvers um; þær skulu vera $\frac{1}{2}$ centimetri (c. $\frac{1}{5}$ þuml.) á lengd og 2—3 centim. (c. 1 þuml) bil milli þeirra; rispa skal svo grunnt að alls ekki blæði eða aðeins dreiri úr, og er því bezt að bólujárnið sje bitdauft.

Áður en bólujárninu er aptur difið í bóluefnið og annað barn bólusett, skal skola af því í vatni og þerra það með hreinu líni (ekki vasaklút!) eða helzt hreinni sjúkrabómull. Ef bólusett er barn, sem víst er um, eða líkur til, að í því búi einhver næmur sjúkdómur, t. d. holdsveiki eða berklaveiki, þá skal á eptir eldbera járið eða sjóða það í 10 mínútur áður en annað barn er bólusett með því.

Ekki skal bólusetja börn, sem yngri eru en 3 mánaða, eða mjög veik, nema þvíadeins að bólusótt vofi yfir.

Þá er barn er frumbólusett, skal að öllum jafni setja bóluna á hægra upphandlegg, en á vinstra upphandlegg þá er endurbólusett er.

Halda skal handleggnum berum í 5 mín. eptir að bólusett er, svo að bóluefnið þorni á handleggnum, en umbúðir þarf engar.

Bólusetjari skal brýna fyrir fólki að þrifa börnin vel meðan bólan er að

117 koma út og hverfa; ef bólurnar springa eða mikil eymsli koma í kringum þær, 22. okt. má bera á þær hreina ósalta og óþróa feiti, eða helzt bórvaselín.

13. gr.

Um leið og bólusettt er skal bólusetjari útundan nöfnum barnanna á bólusetningarskrá færa inn í 7. dálk tölurnar af miða þeim, sem bóluefninu fylgir (sbr. 5. gr.) t. d. Nr. 9, 1/4 1904: ef bóluefnið er tekið úr barni (sbr. 6. gr.) þá skal í 17. dálk rita fullt nafn og heimili barnsins, sem bóluefnið er tekið úr. Í 8. dálk skal rita mánaðardaginn t. d. 7/6 eða 7. júní.

Ef börn koma til bólusetningar, sem ekki standa á skánni, en eiga þar að standa, þá skal færa þau á skrá umleið og þau eru bólusettt.

Ef börn koma ekki til bólusetningar, þau er á skrá standa, þá skal bólusetjari tilgreina orsökina með því að rita já í þann af 11.—15. dálk, sem við á, ef barnið t. d. er farið úr umdæminu þá skal rita já í 12. dálk útundan nafni þess.

VI. Um bóluskoðun og bólusetningarvottorð.

14. gr.

Á bólusetningarstaðnum skal bólusetjari setja upp auglýsingu um það, hvenær börnin eigi að koma aptur til bóluskoðunar, og skal hann orða þá auglýsingu eptir 3. sýnishorni.

Ef bólusetjari fer heim á heimili manna til bólusetningar, skal hann segja húsráðanda hvenær hann muni koma aptur til að skoða bóluna, eða hvert færa skuli barnið til bóluskoðunar.

Frumbólusetning er gild (fullur árangur), ef út er komin á 6.—9. degi ein vessabóla eða fleiri með laut í miðju og rauðum hring ikring.

Endurbólusetning er gild, ef út er komin á 6.—9. degi ein vessabóla eða fleiri, eða einn eða fleiri greinilegir rauðir þrimlar.

Ef bóluskoðun af einhverjum ástæðum dregst, þá skal telja bólusetninguna gilda ef ör sjást, eitt eða fleiri.

Þá er börnin eru bóluskoðuð, skal bólusetjari færa inn í 9. dálk í bólusetningarskránum mánaðardaginn og í 10. dálk 0, 1, 2 eða 3 eptir því, hvort engin bóla kom út, eða 1, 2 eða 3. Ef barn fær mikinn sóttthita eptir bólusetningu, eða mikinn þrota og roða kring um bólurnar, eða bólur koma út annarsstaðar, eða einhverskonar útsláttur, þá skal þess getið sem nákvæmast að verða má í 17. dálki.

Þá skal bólusetjari að lokum rita já í 16. dálk útundan nöfnum þeirra barna, sem koma eiga aptur til bólusetningar næsta ár.

15. gr.

Ef barn er frumbólusettt eða endurbólusettt og bólusetningin fær fullan árangur (sbr. 14. gr.), þá skal bólusetjari um leið og hann skoðar bóluna rita og afhenda bólusetningarvottorð, og skal það vera orðað eptir 4. sýnishorni; ef frumbólusettt er, skal allstaðar stryka yfir »endur« á hinum prentuðu eyðubíöðum, en yfir »frum« ef endurbólusettt er; á vottorðið skal rita fullt heiti barnsins; milli »í« og »sinni« skal rita 1, 2 eða 3 eptir því sem við á; milli »með« og »árangri« skal rita fullum; undir vottorðið skal bólusetjari rita nafn sitt.

Ef barn er bólusettt eða endurbólusettt í 3. sinni og bólan aldrei kemur út, þá skal veita barninu bólusetningarvottorð og skal þá milli »í« og »sinni« rita þriðja, en milli »með« og »árangri« rita engum. **117** **22. okt.**

Ef barn á bólusetningaraldri er frumbólusettt eða endurbólusettt í 1. eða 2. sinni og bólan ekki kemur út, þá skal bólusetjari um leið og hann skoðar barnið láta af hendi bólusetningarskírteini (5. sýnishorn).

VII. Um bólusetningarskýrslur og reikninga.

16. gr.

Þá er bólusetningu og bóluskoðun er lokið ár hvert, skal bólusetjari tafarlaust senda hjeradslækni tvenn full eptirrit af bólusetningarskránum.

17. gr.

Þá er hjeradslæknir hefir fengið bólusetningarskrárnar frá bólusetjurum, skal hann tafarlaust semja skýrslu um árangurinn af bólusetningunni á eyðublöð þau, sem fylgja með bóluefninu utanlands frá og bera að yfirskrípt: »Kgl. Vaccinationsanstalt. Resultat af Vaccination með animal Vaccine«. Þessa skýrslu skal hann svo senda beina leið til »Den kongelige Vaccinationsanstalt, København«.

18. gr.

Aður en árið er á enda, skal hjeradslæknir semja eptir bólusetningarskránum skýrslu um bólusetningar í hjeradinu (6. sýnishorn) og reikning yfir kostnað við bólusetningarnar, (7 sýnishorn). Reikninginn og skýrsluna, skal hann senda samtímis til landlæknis, í síðasta lagi um áramót, og láta þar með fylgja annað eptirritið af bólusetningarskránum (sbr. 16. gr.)

Það er skylda bólusetjara og hjeradslækna að geyma vandlega allar bólusetningarskrár í kápum þeim, sem þeim verða fengnar í því skyni, og gæta þess að þær á engan hátt glatist.

19.

Ef lögildur læknir, sem ekki er hjeradslæknir eða bólusetjari, bólusetur börn eða endurbólusetur, þá skal hann fá sjer hjá hjeradslækni bólusetningarskrá og færa á skrána öll börn, er hann bólusetur, og fylla 1.—10. dálk og senda skrána fyrir næstu áramót til hjeradslæknis.

Hjeradslæknir skal og sjálfur semja slíka skrá yfir börn, er hann bólusetur og ekki eiga heima í umdæminu, þar sem hann sjálfur kann að vera bólusetjari.

Hjeradslæknir skal með skýrslu sinni til landlæknis (sbr. 18. gr.) láta fylgja skírteini um það, hve mörg börn samtals hann og aðrir læknar í hjeradinu hafa frumbólusettt og endurbólusettt á árinu.

20. gr.

Nú er barn orðið fullra 5 ára og hefir ekki verið bólusettt sökum þess að foreldrar þess, eða þeir, sem ganga því í foreldrastað, hafa vanrækt, án þess að barnið hafi verið veikt eða önnur lögleg forföll verið fyrir hendi, að færa það til bólusetningar á þeim stað og tíma, sem auglýstur er samkvæmt 8,

2. sýnishorn.

117

Auglýsing

um

bólusetningu.

. . . . daginn . . . dag mán. 19 . . fer fram opinber bólusetning á (i) í hreppi.

Þangað skal færa til bólusetningar börn úr Skulu börnin vera komin kl.

Skyldug til frumbólusetningar eru öll börn 2 ára eða eldri, ef þau hafa ekki haft bólusótt eða verið bólusett með fullum árangri eða þrisvar án árangurs.

Skyldug til endurbólusetningar eru öll börn, sem á þessu ári verða fullra 13 ára eða eru eldri, ef þau ekki eptir að þau urðu fullra 8 ára hafa haft bólusótt eða verið bólusett með fullum árangri eða þrisvar án árangurs.

Ef á einhverju heimili er taugaveiki, barnaveiki, kighósti, heimakoma, eða einhver sá næmur sjúkdómur, sem varnir jafnan skulu settar við, eða hjer- aðslæknir hefir sett varnir við, þá skal ekki þaðan færa börn til bólusetningar en tilkynna bólusetjara, hver næmur sjúkdómur sje á heimilinu.

Ef bólusetningarskyldugt barn er veikt bólusetningardaginn, svo að ekki þyki fært að fara með það, þá skal senda bólusetjara vottorð frá lækni eða skriflega yfirlýsingu frá heimilisföður barnsins um veikindi þess.

Börnin skulu vera hrein á kroppinn og í hreinum fötum, þá er þau koma til bólusetningar.

. . . . dag . . . mán. 19 . .

.
bólusetjari.

117 3. sýnishorn.

Auglýsing

um

bóluskoðun.

Öll þau börn, sem bólusett eru í dag, eiga að koma hingað aptur til skoðunar . . . dagiun . . . dag mán. þ. á. og vera komin kl. . . .

Verða þá afhent vottorð um bólusetninguna.

. dag mán. 19

4. sýnishorn.

Frum-
Endur- **bólusetningavottorð.**

Nr. á bólusetningarskrá.

. var ^{frum-} ^{endur-} bólusett (ur)
í sinni . . . dag mán. 19 . . . — þá . . . ára að aldri —
með árangri.

Þar með er fullnægt lagakröfu um ^{frum-} ^{endur-} bólusetningu.

. bólusetningarumdæmi . . . dag mán. 19

5. sýnishorn.

Bólusetningarskírteini.

Nr. á bólusetningarskrá.

. var ^{frum-} ^{endur-} bólusett (ur)
í sinni . . . dag mán. 19 . . . — þá . . . ára að aldri —
án árangurs.

Á að bólusetjast aptur á næsta ári.

. bólusetningarumdæmi . . . dag mán. 19

Skýrsla

um

bólusetningar

i
 hjerði

árið 19.....

Nr.	Bólusetningar- umdæmi	Nafn og staða bólusetjara	Frumbólusetningar :						Endurbólusetningar :						Athugasemdir			
			Tala óbólusettra barna 2 ára og þaðan af eldri	Þar af bóluset	Bóluset inn 2 ára	Bóluset samtals	Þar af skoðuð eptirá	Ból kom út á	Ból kom ekki út á	Tala óendurbólus. barna 12 ára og þaðan af eldri	Þar af endurbóluset	Endurbólus. innan 12 ára (8—11 ára)	Endurbóluset samtals	Þar af skoðuð eptir á		Ból kom út á	Ból kom ekki út á	
1			4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	

117 7. sýnishorn.

Reikningur

frá hjeraðslæknum í hjeraði
yfir kostnað við bólusetningar árið 19.....

Nafn bólusetjara	Tala þeirra barna, er bólusett voru og skoðuð eptirá.		kr.	aur.
	Bólan kom út	Bólan kom ekki út		

NB. Þessum reikningi skal fylgja skýrsla um bólusetningar og eptirrit af bólusetningarskrám.

Laus embætti.

Læknishjeruð, er landshöfðingi veitir.

Þingeyrarhjerað. Árslaun 1500 kr.

Auglýst laust 1. oktbr. 1902.

Umsóknarfrestur til 4. marz 1903.

Flateyjarhjerað. Árslaun 1300 kr.

Auglýst laust 20. oktbr. 1902.

Umsóknarfrestur til 4. marz 1903.

Prestakall, sem landshöfðingi veitir.

Tjörn á Vatnsnesi (Tjarnar- og Vesturhópshólasóknir) í Húnavatnsprófastsdæmi.

Metið (með 300 kr. tillagi úr landssjóði) 1185 kr. 96 a.

Tvö embættislán til jarðabóta hvíla á prestakallinu, annað tekið 1896, upprunalega 500 kr., sem afborgast með 50 kr. árlega á 10 árum, nú að eptirstöðvum 200 kr., hitt 500 kr., tekið 1902, greiðist með 20 kr. árin 1903—1906 og með 70 kr. árlega 1907—1912.

Uppgjafapresturinn í brauðinu á eptir nógildandi mati að fá eptirlaun sín úr landssjóði. Veitist frá fardögum 1903 að telja.

Auglýst laust 22. oktbr. 1902. Umsóknarfrestur til 20. desbr. 1902.